

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 30. apríl 2019

### **Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands, þskj. 1199 – 757. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 12. apríl 2019, þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (kvartanir og ábendingar) var sent til umsagnar.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sjá um framkvæmd sjúklingatryggingar skv. lögum nr. 111/2000, að því er að varðar tryggingu heilbrigðisstofnana sem eru að hluta eða heild í ríkisrekstri. Sjúklingatrygging veitir sjúklingum rétt til bóta vegna andlegs eða líkamlegs tjóns sem verður í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn kaupa sjúklingatryggingu hjá váttryggingarfélagum.

SÍ vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

1. Þegar einstaklingar sækja um bætur úr sjúklingatryggingu til SÍ er algengt að kvörtun vegna sama atviks sé einnig beint til embættis landlæknis á grundvelli 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu. Stofnanirnar hafa því oft sömu mál til skoðunar á sama tíma, þó lagagrundvöllurinn sé ólíkur. Þannig getur niðurstaða embættis landlæknis um mistök við veitingu heilbrigðisþjónustu orðið gagn sem vegið getur þungt í máli vegna sama atviks um bætur úr sjúklingatryggingu hjá SÍ. Sama gildir ef slík mál rata fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála eða dómstóla.

Í greinargerð með frumvarpinu sem hér er til skoðunar kemur fram að embætti landlæknis sé lögum samkvæmt ekki ætlað að gegna hlutverki í að undirbyggja bótamál á grundvelli laga um sjúklingatryggingu eða skaðabótalaga. Einnig segir að afgreiðsla embættisins í tengslum við kvörtunarmál eigi að verða óviðkomandi bótamálum og að niðurstaða í slíku máli skuli vera fyrst og fremst vera huglægs eðlis fyrir einstaklinginn en ekki snúa að réttindum hans í lagalegum skilningi. Lögð er áhersla á það hlutverk embættis landlæknis að stuðla að úrbótum í heilbrigðisþjónustu fyrir alla notendur hennar, með almannahagsmuni í huga.

Í umfjöllun um 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að með þeirri breytingu sem hér er lögð til sé landlækni einungis gert að upplýsa um niðurstöðu máls, þ.e. með hvaða hætti málið var rannsakað og hver niðurstaða þess var. Er tekið fram að ekki þyki þörf á að upplýsa þann sem kvartar með nákvæmum hætti um hvernig embætti landlæknis komst að umræddri niðurstöðu (rökstyðja), enda sé niðurstaða í kvörtunarmáli ekki stjórnvaldsákvörðun sem beinist gegn viðkomandi borgara.



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

SÍ vilja benda á að þó að ferli og inntaki kvörtunarmála hjá embætti landlæknis verði breytt, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er vandséð að niðurstöður embættisins geti orðið bótamálum óviðkomandi. Skili embætti landlæknis efnislegri niðurstöðu í máli mun sú niðurstaða eftir sem áður verða gagn í mögulegu bótamáli sama einstaklings, enda vegur afstaða embættisins eðli málsins samkvæmt þungt. Órökstudd eða illa rökstudd niðurstaða embættisins getur þannig orðið til þess að þyngja málsmeðferð bótamála, sér í lagi ef bótaskyldur aðili tekur ekki undir niðurstöðu embættisins. Að mati SÍ er því samfélagslega mikilvægt og eðlilegt að niðurstöður embættis landlæknis séu vel rökstuddar, sérstaklega ef embættið telur að meðferð hafi verið ábótavant með einhverjum hætti.

2. Í umfjöllun með 2. – 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lagt sé til að heimildin til þess að kvarta verði vikkud frá því sem nú er, þannig að heimilt verði að kvarta undan heilbrigðisþjónustu óháð því hvort grunur sé um vanrækslu eða mistök. Kemur fram að þessi nálgun „samræmist betur þeirri nálgun sem finna má í lögum um sjúklingatryggingu þar sem réttur til bóta er ekki bundinn við mistök eða vanrækslu“.

SÍ vilja benda á að lokasetningin, um að ný nálgun í kvörtunarmálum samræmist betur nálgun í lögum um sjúklingatryggingu, er villandi þar sem frumvarpið að öðru leyti miðar allt að því að aftengja kvörtunarmál embættis landlæknis við bótamál, t.d. þau sem eru til meðferðar hjá SÍ.

Virðingarfyllst,  
f.h. Sjúkratrygginga Íslands,

Berglind Ýr Karlsdóttir  
deildarstjóri  
Tryggingasvið Sjúkratrygginga Íslands